

Mál nr. 14
Þór
gegn
ÍR

Kæra Þórs
Dómkröfur

Kröfur knd. Þórs eru að úrslit í leik Þórs/KA og ÍR í aukakeppni í mfl. kvenna sem fram fór 10.09.2006 kl. 14.00 verði dæmd ógild og að liði Þórs/KA verði dæmdur sigur í leiknum 3-0.

Málsatvik

Þann 10.09.2006 fór fram leikur á milli Þórs/KA og ÍR í aukakeppni Íslandsmóts mfl. kvenna á Akureyrarvelli. Samkvæmt meðfylgjandi leikskýrslu var leikmaður nr. 1 hjá ÍR Berglind Magnúsdóttir, kt. 180884-2469. Berglind Magnúsdóttir er ekki með leikheimild með ÍR.

Tilvísanir

Samkvæmt reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, gr. 4.3.1, telst lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafa tapað leiknum með markatölunni 3-0.

Samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, gr. 1, er leikmaður hlutgengur með nýju félagi þegar KSÍ hefur gefið út keppnisleyfi fyrir hann.

Samkvæmt reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna, gr. 4, getur leikmaður einungis leikið í Íslandsmóti með tveimur félögum á almanaksárinu.

Röksemdir

Samkvæmt upplýsingum á vef KSÍ var Berglindi Magnúsdóttur skipt úr KR í ÍR 09.09.2006 og gefin út leikheimild 11.10.2006. Var hún því ekki með leikheimild með ÍR þegar umræddur leikur Þórs/KA og ÍR fór fram 10.09.2006

Berglind Magnúsdóttir, kt. 180884-2469, lék með KR gegn Þór/KA í úrvalsdeild kvenna 30.08.2006 og hún lék m.a. með Fjölni gegn GRV í 1. deild kvenna 13.06.2006.

Samkvæmt gr. 4 í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna getur leikmaður einungis leikið í Íslandsmóti með tveimur félögum á almanaksárinu. Ákvæði um tímabundin félagaskipti veita þó rýmri heimildir, en þau gilda fyrir samingsbundna leikmenn. Samkvæmt upplýsingum af vef KSÍ er Berglind Magnúsdóttir ekki með leikmannasaming hjá KR og því ekki hægt að víkja frá tveggja félaga reglunni.

Gögn

Leikskýrsla leiks Þórs/KA og ÍR, 10.09.2006.

Upplýsingar af vef KSÍ um félagaskipti Berglindar Magnúsdóttur, sem sýna að Berglind fær leikheimild með ÍR 11.10.2006.

Upplýsingar af vef KSÍ um félagsmanninn Berglindi Magnúsdóttur, sem sýna að Berglind fær leikheimild með Fjölni 14.01.2006, síðan fær hún leikheimild með KR 21.06.2006 og loks með ÍR 11.10.2006.

Upplýsingar af vef KSÍ um lið í móti sem sýna fjölda leikja sem Berglind Magnúsdóttir lék með Fjölni í 1. deild kvenna, A riðli, sumarið 2006.

Upplýsingar af vef KSÍ, lið í móti, sem sýna fjölda leikja sem Berglind Magnúsdóttir hefur spilað með KR í Íslandsmóti 2006, úrvalsdeild.

Upplýsingar af vef KSÍ, leikskýrsla úr leik KR og Þórs/KA 30.08.2006 í úrvalsdeild kvenna sem sýnir að þann dag lék Berglind Magnúsdóttir með KR.

Upplýsingar af vef KSÍ, leikskýrsla úr leik Fjölnis og GRV 13.06.2006 í 1. deild kvenna sem sýnir að þann dag lék Berglind Magnúsdóttir með Fjölni.

Upplýsingar af vef KSÍ um leikmanna samninga kvenna hjá KR, sem sýna að Berglind Magnúsdóttir er ekki með leikmannasamning.

Vitni

Dómari leiksins, Marínó Þorsteinsson, 281058-2749.

Með bestu kveðju.
f.h. Knattspyrnudeildar Þórs.
Unnsteinn Jónsson

Formaður knattspyrnudeildar Þórs

Greinargerð ÍR

Af hálfu knattspyrnudeildar ÍR er lögð fram greinargerð þessi vegna tveggja kæra Knattspyrnudeildar Þórs, dags. 14.9.2006 og 18.9.2006 vegna leikja kvennaliðs ÍR annars vegar og kvennaliðs Þórs/KA þann 10.9. og 14.9.2006. Í ljósi þess að kærurálin eru af sama meiði og verða væntanlega sameinuð er lögð fram ein greinargerð semandsvar við báðum kærunum.

Af hálfu ÍR eru gerðar eftirgreindar kröfur í málinu:

I. Dómkröfur:

Aðallega: Að kæru Knattspyrnudeildar Þórs verði vísað frá dómi

Til vara : Að Knattspyrnudeild ÍR verði sýknuð af öllum kröfum kæranda.

II Málavextir.

1. Með kæru dags. 14.9.sl. til KSÍ gerir Knattspyrnudeild Þórs þá kröfu að úrslit í leik Þórs/KA og ÍR í aukakeppni meistaraflokks kvenna sem háður var þann 10.09.2006 verði dæmd ógild og liði Þórs/KA verði dæmdur sigur í leiknum með 3 mörkum gegn engu. Hinn 18.9.s.l. eru sömu kröfur gerðar vegna leiks liðanna þann 14.9.sl. Eru rökin þau að þar sem Berglind Magnúsdóttir, markvörður ÍR í téðum leik, hafi áður leikið með tveimur félögum á almanaksárinu hafi lið ÍR verið ólöglega skipað í leiknum og beri því skv. gr. 4.3.1. í rgj. KSÍ um knattspyrnumót að dæma sigur til Þórs /KA. Miðast andsvar ÍR við framangreindan málalíbúnað kæranda.

2. Þann 9. september gaf KSÍ út keppnisleyfi fyrir Berglinði Magnúsdóttur til þess að leika með ÍR, í samræmi við beiðni þar að lútandi. Ranglega segir í kæru Þórs að leikheimild hafi verið gefin út þann "11.10.2006" (sic). Á grundvelli þessa keppnisleyfis lék Berglind með ÍR gegn Þór þann 10.9.2006 og þann 14.09.2006 og því fullkomlega löglegur leikmaður ÍR í umræddum leik. Ranglega er því staðhæft í kæru að Berglind Magnúsdóttir hafi ekki haft leikheimild með ÍR.

3. Tildrög þess að óskað var eftir leikheimild fyrir Berglinði var sú að meistaraflokkur kvenna í ÍR stóð frammi fyrir því að vera án markmanns eftir að Anna Rún Sveinsdóttir, aðalmarkvörður meiddist í leik þann 3. 09. sl. og tilkynnti að lokinni læknisskoðun að hún gæti ekki verið með um sinn vegna meiðsla – Áður í sumar hafði erlendur markmaður yfirgefið liðið og skömmu síðar, örfáum dögum fyrir lokun á leikmannaskiptum, þann 1.8.sl. tilkynnti Gréta Rún Árnadóttir, varamarkvörður liðsins, að hún yrði að hætta fótboltaíðkun af heilsufarslegum ástæðum. Þegar Anna Rún meiddist í leik þann 3.9. sl. blasti því við að meistaraflokkurinn hefði engan markmann í komandi leikjum. Var þá brugðið á það ráð að óska eftir leikheimild frá KSÍ fyrir Berglinði og var KSÍ látið í té allar upplýsingar og gögn sem til þurfti til þess að unnt yrði að afgreiða málið. Þann 9. september, s.l. eins og áður sagði, var gefið úr keppnisleyfi fyrir Berglinði og á grundvelli þess lék hún umrædda leiki við lið Þórs /KA. Ástæða er til að áréttu að allar upplýsingar um þátttöku Berglindar með öðrum liðum lágu fyrir hjá KSÍ áður en ákvörðun var tekin um keppnisleyfi henni til handa. Voru því engar sérstakar upplýsingar í beiðni ÍR um hagi Berglindar sem ættu að vera ráðandi um niðurstöðu KSÍ um keppnisleyfi henni til handa. ÍR taldi að KSÍ hefði heimild til að veita undanþágu fyrir félagaskipti markmanns, hvort heldur væri vegna tímamarkanna ellegar liðafjölda. Kvinnaknattspyrna á enda að sumu leyti á brattan að sækja og taldi ÍR það vera almennan stuðning undir kvinnaknattspyrnu í landinu ef KSÍ veitti liðinu tækifæri til þess að bregðast við þessum óvæntu markamannsvandræðum sem ÍR stóð skyndilega frammi fyrir í þessum komandi mikilvægu leikjum liðsins.

III. Málsástæður og lagarök:

Aðalkrafa:

1. Aðalkrafa um frávísun er studd þeim rökum að kæran sé ekki tæk til efnismeðferðar þar sem Knattspyrnudeild KA sé ekki aðili að kærinni. Ljóst er að téðir leikir voru milli ÍR annars vegar og sameiginlegs liðs Þórs og KA hins vegar og er bersýnilega um óhjákvæmilega samaðild að ræða. Með því að Knattspyrnudeild KA er ekki aðili málsins ber að vísa kærinni frá dómi.

Vara krafa:

1. Samkvæmt grein A t.l. 1. í rgj. KSÍ um félagaskipti leikmanna eru þeir leikmenn hlutgengir sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir leika með eigi síðan en degi áður en kappleikur fer fram og, þegar því er að skipta, degi eftir að KSÍ hefur gefið út keppnisleyfi fyrir leikmanninn. Keppnisleyfi dags. 9.09.2006 veitti því leyfi til keppni þann 10.09.2006.
2. Samkvæmt gr. A t.l. 3 er leikmaður með keppnisleyfi **ávallt** hlutgengur í knattspyrnumóti enda sé gætt aldurs- og kyntakmarkana, sbr. 2. kafli rgj. KSÍ um knattspyrnumót. Engir fyrirvarar eru því á hlutgengi á grundvelli keppnisleyfis svo fremi sem hinum almennum keppnisskilyrðum er fullnægt. Þátttaka Berglindar í kvennamóti KSÍ er að fullu í samræmi við hennar keppnisleyfi.
3. Í gr. A t.l. 4 er kveðið á um að leikmanni sem leikið hafi í Íslandsmóti eða Bikarkeppni KSÍ sé óheimilt að skipta um félag nema einu sinni á tímabilinu til og með 31.júlí. Jafnframt að frá 1.ágúst til og með 15.október séu félagaskipti óheimil en þó geti félagaskiptanefnd KSÍ veitt undanþágu fyrir félagaskiptum **markvarðar** "...ef ríkar ástæður eru að mati nefndarinnar..." Samkvæmt framangreindu verður ákvæðið túlkað og skýrt þannig að félagaskiptanefndinni sé heimilt að líta til sérstakra aðstæðna hverju sinni og samþykkja félagaskipti á markverði þó viðkomandi leikmaður hafi áður nýtt sér félagaskiptaheimild innan tímabilsins. Af greininni má glögg sjá að félagaskiptanefnd hefur frjálst mat um það hvort að undanþáguheimildinni verði beitt eður ei. Ákvörðun KSÍ um keppnisleyfi til handa Berglindi var því innan valdheimilda skv. lögum og reglum KSÍ og því fullkomlega lögmæt.
4. Kjósi félagaskiptanefnd að beita undanþáguheimildinni og veita keppnisleyfi er sú ákvörðun gild og bindandi fyrir KSÍ og viðkomandi leikmann (sbr. t.d. gr. 9.tl. rgj) , án tillits til þess hvaða ástæður lágu að baki undanþágunni, þ.e. hvort að málefnalegar ástæður hafi legið að baki eða um mistök hafi verið ræða, eins og KSÍ heldur nú fram að hafi verið raunin í þessu tilfelli.
5. Samkvæmt gr. A t.l. 3 er KSÍ heimilt að afturkalla keppnisleyfi vegna mistaka eða rangfærslna í umsókn. Ekki er þó kveðið á um að afturköllunin hafi önnur áhrif en þau að leikmaður flytjist í sitt gamla félag. Sú ákvörðun KSÍ að afturkalla keppnisleyfið þann 19.september 2006, eftir hina umþrættu leik, breytir skv. framangreindu engu um gildi keppnisleyfisins. Afturköllunin hefur því, eðli málsins samkvæmt, ekki afturvirk áhrif og hefur því engin áhrif á gildi keppnisleyfisins þann 10.9. og 14.9 s.l. þegar leikirnir fóru fram. Berglind Magnúsdóttir var því fullkomlega löglegur leikmaður ÍR þegar félagið og Þór/Ka áttust við og úrslit leikjanna skulu því standa óbreytt.
6. Ákvörðun KSÍ um keppnisleyfi, eða annað sem lýtur að framkvæmd knattspyrnumóts, er bindandi fyrir leikmenn, félög og dómara og hefur full réttaráhrif fram að þeim tíma að ákvörðun er felld úr gildi, annaðhvort fyrir frumkvæði KSÍ eða dómstólsins, eftir atvikum. Ef því væri játað að "mistök" KSÍ við útgáfu keppnisleyfis hefði þau réttaráhrif að leikmenn yrðu ólöglegir með afturvirkum hætti er ljóst að mikil óvissa ríkti um gildi ákvarðana KSÍ yfirleitt sem og niðurstöðu leikja. Það er meginregla í knattspyrnu að ákvarðanir dómara inni á vellinum gilda í leiknum þó að í ljós komi að leik loknum að þær hafi verið rangar og andstöðu við knattspyrnulögin.. Úrslitin standa engu að síður. Ella væri málum þannig háttáð að úrslit réðust ekki í leiknum sjálfum heldur að leik loknum í lögfræðilegum bardögum fyrir dómstólum KSÍ. Ekki þarf að fjölýrða um þá erfileika sem slíkt ástand hefði í för með sér. Sömu rök liggja til þess, hvað svo sem skýringu á 4.tl. gr. A líður, að láta ákvarðanir KSÍ um keppnisleyfi standa þó KSÍ telji eftir atvikum síðar að mistök hafi verið gerð við veitingu keppnisleyfis.
7. Að öllu framangreindu virtu þá liggur fyrir að ÍR stóð að beiðni sinni um félagaskipti Berglindar Magnúsdóttur með eðlilegum hætti, upplýsti KSÍ um hvaðeina sem skipti máli og var á færi forráðamanna félagsins að upplýsa, í þeirri trú að undanþáguheimild 4. gr. rgj. fyrir markverði næði jafnt til félagaskipta eftir 1. ágúst sem og fjölda liða. Allar upplýsingar varðandi félagapátttöku Berglindar lágu fyrir hjá KSÍ. Er ástæða til að áréttast að því fari fjarri að ÍR hafi beitt rangindum til þess að fá keppnisleyfi útgefið.
8. Þegar allt framangreint er virt þá liggur fyrir að enginn lagagrundvöllur er fyrir því að taka beiðni kæranda til greina. Með því að Berglind Magnúsdóttir hafði gilt keppnisleyfi KSÍ þegar leikirnir

fóru fram telst lið ÍR hafa verið löglega skipað í leikjunum. Eru því ekki lagaskilyrði til þess að dæma leikina tapaða fyrir ÍR á grundvelli gr. 4.3.1 um knattspyrnumót s.s. krafist er af kæranda.

Að lokum eru kröfur ítrekaðar og málið lagt í dóm.

IV. Meðfylgjandi gögn:

Keppnisleyfi KSÍ, dags. 9.9.2006

F.h. Knattspyrnudeildar ÍR
Hróbjartur Jónatansson hrl.

Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, þriðjudaginn 3. október, kl. 11.00 er dómsþing í Knattspyrnudómstóli KSÍ háð af Hilmarí Gunnlaugssyni dómara að Lagarási 4, Egilsstöðum.

Fyrir er tekið:
Mál nr. 14/2006:
Þór
gegn
ÍR

Enginn er mættur í réttinn. Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur

I.

Mál þetta var mótttekið af skrifstofu KSÍ 14. september 2006. Kærandi er knattspyrnudeild Þórs, kt. 670991-2109, Hamar v/Skarðshlíð, 603 Akureyri. Kærði er Knattspyrnudeild ÍR, kt. 560284-0399, Skógarseli 12, 109 Reykjavík.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 22. september sl. Greinargerð kærða barst sama dag, málið var þingfest mánudaginn 25. september 2006, flutt um frávísunarkröfu þann 26. september og aðalmeðferð fór fram 28. september. Sama dag var málið dómtekið.

Dómkröfur.

Kærandi krefst þess að úrslit leiks Þórs/KA og ÍR í aukakeppni í mfl. kvenna sem fram fór 10. september 2006 verði felld úr gildi og dæmd 3-0, Þór/KA í vil.

Kærði hefur mótmælt framkomnum kröfum kæranda og krefst þess að úrslit leiksins standi.

II.

Aðilar eru sammála um, að Berglind Magnúsdóttir markvörður, fékk keppnisleyfi útgefið af KSÍ þann 9. september 2006. Upphaflega hafði kærandi byggt á því að Berglind hefði fengið keppnisleyfið útgefið 11. september en undir meðferð málsins var fallist á að miða skyldi við 9. september. Jafnframt er óumdeilt, að Berglind Magnúsdóttir hafði áður leikið með tveimur félögum í Íslandsmóti mfl. kvenna sumarið 2006. Jafnframt er óumdeilt að þann 19. september 2006 afturkallaði KSÍ keppnisleyfi Berglindar fyrir ÍR og fluttist hún þá aftur til KR.

Ágreiningur aðila lýtur að því, hvort slíkt keppnisleyfi þýði að leikmaðurinn hafi haft leikheimild með kærða í leikjum gegn Þór/KA.

Engar vitnaleiðslur fóru fram fyrir réttinum.

Af hálfu kæranda er byggt á því að Berglind Magnúsdóttir hafi ekki mátt leika með ÍR í umræddum leik. Hún hafi áður leikið með tveimur liðum, Fjölni og KR og því eigi grein 4 í reglugerð KSÍ um félagaskipti að leiða til þess, að henni hafi verið óheimilt að leika með þriðja félaginu. Því verði að beita grein 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, þar sem segir að lið sem mætir ólöglega skipað til leiks hafi tapað leiknum með markatölunni 3-0.

Kærandi bendir á, að í umsókn kærða um undanþágu við banni við félagaskiptum á tímabilinu 1. ágúst til 15. október, hafi kærði einungis óskað eftir heimild til að fá nýjan markvörð. Á slíka beiðni hafi Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ fallist á fundi sínum 8. september 2006. Hvorki hafi í umsókn kærða né samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar komið fram að umræddur markvörður hafi verið

Berglind Magnúsdóttir. Kærandi byggir í fyrsta leyfi á því, að keppnisleyfi Berglindar fyrir ÍR hafi verið markleysa. Í öðru lagi að það hafi verið ógildanlegt og að réttaráhrif slíkrar ógildingar eigi að vera frá útgáfu þess. Í þriðja lagi að jafnvel þó talið verði að um gilt keppnisleyfi hafi verið að ræða, þá sé leikmaðurinn bundin við aðrar reglur KSÍ, þar á meðal um fjölda liða á einu tímabili. Við flutning málsins vísaði kærandi m.a. til reglna 3.2.1 og 1.2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og greina A.3. og A.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

Af hálfu kærða er byggt á því að rannsóknarregla hvíli á KSÍ þegar beiðni um félagaskipti berst skrifstofu KSÍ. Því verði að leggja til grundvallar að fram fari skoðun og mat á réttmæti þess að gefa út keppnisleyfi. Þegar keppnisleyfi sé gefið út, öðlist það gildi allt þar til það fellur úr gildi eða viðkomandi leikmaður skiptir í nýtt félag. Óumdeilt sé að keppnisleyfið hafi verið veitt og orðalag greinar A.4. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna verði ekki skilið öðru vísi en svo að heimilt sé að veita undanþágu fyrir markverði ef ríkar ástæður beri til að mati Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ. Sú nefnd hafi farið yfir málið og metið að heimilt væri að neyta undanþágunnar, sem nái bæði yfir þann tíma sem bann gildir við félagaskiptum og ákvæði um fjölda liða. Útgáfa keppnisleyfisins var bindandi ákvörðun sem skapaði rétt til handa kærða. Kærði hafnar því að ný ákvörðun um ógildi keppnisleyfisins eigi að gilda með afturvirkum hætti. Hafi verið um mistök að ræða hjá KSÍ, þá eigi þau ekki að bitna á kærða. Slíkt gangi gegn tilgangi regluverks KSÍ um að láta knattspyrnuúrslit ráðast innan vallar og auki líkur á að félög kæri leiki í tíma og ótíma til að freista þess að hnekkja úrslitum þeirra á formsatriðum sem séu ekki í neinum tengslum við sjálfan leikinn.

Af hálfu kærða er bent á að lið Þórs/KA hafi ekki uppfyllt mótareglur KSÍ um sameiginleg lið þar sem fyrir liggja í máli þessu að skriflegur samningur Þórs og KA um sameiginlegt lið í 2. og mfl. kvenna hafi runnið út 15. maí 2006, eða degi áður en fyrsti leikur sumarsins var háður. Yfirlýsing KA dagsett í lok september breyti engu þar um. Vísar kærði í þessu sambandi til greinar 3.1.6 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Telur kærði að um mistök af hálfu KSÍ hafi verið að ræða að heimila liði Þórs/KA að keppa án þess að gildi væri skriflegt samkomulag. Þau mistök séu um margt sambærileg við mistök KSÍ um útgáfu á keppnisleyfi Berglindar Magnúsdóttur.

III.

Niðurstaða.

Eins og áður hefur komið fram, var hvorki í umsókn kærða né samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar þann 8. september að finna neina umfjöllun um hvaða markvörð kærði hefði í hyggju að fá í félag sitt. Verður samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar því ekki talið taka á því, hvort Berglindi Magnúsdóttur, eða öðrum markverði sem hafði áður viðhaft félagaskipti á almanaksárinu eftir að hafa leikið í Íslandsmóti, hafi verið heimilt að skipta í lið kærða á grundvelli undanþágunnar. Telja verður að skilningur KSÍ birtist skýrt í afturköllun á keppnisleyfi þann 19. september 2006.

Óumdeilt er að Berglind Magnúsdóttir hafði keppnisleyfi með ÍR þegar hinn kærði leikur fór fram. Fallast verður á það með kæranda, að jafnvel þó leikmaður hafi keppnisleyfi, þá þurfi eftir sem áður að kanna hvort leikmaður hafi heimild til að leika tiltekinn leik. Þannig þurfi leikmenn að taka út leikbönn sín með nýju liði, óháð keppnisleyfi.

Leggja verður til grundvallar, að sú spurning hvort leikmaður sé löglegur með nýju félagi, á sama keppnistímabili og hann hefur leikið fyrir tvö önnur félög, eigi undir dómstól KSÍ, en falli ekki undir mat Samninga- og félagaskiptanefndar á því, hvort skilyrðum um ríkar ástæður í 3. mfl. greinar A.4. í reglugerð um félagaskipti leikmanna.

Samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar KSÍ frá 8. september 2006 veitti kærða heimild til að fá keppnisleyfi fyrir nýjan markvörð. Ekki verður fallist á, að sú ákvörðun hafi gefið kærða tilefni til að álykta, að Berglind Magnúsdóttir mætti leika með félaginu, þar sem hún hafði þegar leikið með tveimur öðrum liðum í Íslandsmóti mfl. kvenna sumarið 2006.

Af grein A.3. í reglugerð um félagaskipti leikmanna má ráða, að meginreglan er sú að leikmaður með keppnisleyfi er hlutgengur með því liði sem hann hefur keppnisleyfi hjá. Í greininni eru í dæmaskyni tilgreind tilvik sem takmarka gildi þessarar meginreglu. Þannig geti leikmenn ekki leikið með liðum ætluðum yngri leikmönnum eða öðru kyni, nema slík heimild sé til staðar sbr. t.d. kafla 2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Önnur tilvik sem grein A.3. nær yfir er klárlega ákvæði um leikbann viðkomandi leikmanns.

Í þessu sambandi er rétt að benda á að í reglum FIFA um stöðu og félagaskipti leikmanna er við það miðað, að leikmaður geti verið skráður hjá þremur félögum á tímabilinu 1. júlí til 30. júní á næsta ári, en sé einungis heimilt að leika opinbera leiki með tveimur félögum á sama tímabili.

Þykir því rétt að leggja til grundvallar, að jafnvel þó leikmaðurinn Berglind Magnúsdóttir hafi fyrir mistök fengið keppnisleyfi með þriðja félaginu á einu og sama keppnistímabilinu, þá hafi það engu breytt um að hún mátti ekki leika fyrir þriðja félagið. Jafna megi stöðu hennar við leikmann í leikbanni að þessu leyti hvað varðar skyldu hennar og hins nýja félags til að kanna hvort hömlur væru á því að hún mætti leika með sínu nýja félagi. Engin lögformleg ákvörðun hafi verið tekin af Saming- og félagaskiptanefnd KSÍ um að Berglind Magnúsdóttir mætti fá undanþágu frá þeirri reglu að hver leikmaður megi mest spila með tveimur félagsliðum á sama keppnistímabili. Sú nefnd er eini aðilinn sem mögulega gæti haft slíkt vald.

Að þessu virtu verður ekki hjá því komist að telja lið kærða hafa verið ólöglega skipað í hinum kærða leik. Þrátt fyrir að telja verði atvik þessa máls geta réttlætt niðurstöðu um að láta leik liðanna fara fram að nýju, sbr. heimild í 1. tl. greinar 16.1. í lögum um dómstóla KSÍ, verður ekki séð að dómari geti vikist undan skýru ákvæði greinar 4.3.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót um viðurlög þegar lið er ólöglega skipað, og dæmt úrslit leiksins 3-0, kæranda í vil.

Af hálfu kærða hefur verið bent á að lið kæranda kunni einnig að hafa verið ólöglega skipað sökum formgalla á samstarfi Þórs og KA, þar sem formlegt samstarf hafi runnið út þann 15. maí 2006. Skilja mátti málatilbúnað kæranda svo, að byggt væri á því að lið kæranda hafi þá einnig verið ólöglega skipað í hinum kærða leik og reyndar í allt sumar. Málsástæða þessi kom fram eftir að kærandi lagði fram samstarfssamning kæranda og KA. Þessi málsástæða tengist ekki efnisatriðum í kæru kæranda og verður að skoðast sem ný málsástæða. Með vísan til 5. gr. laga um dómstól KSÍ verður að telja að um sérstakt kæruefni sé að ræða sem sé of seint fram komið. Kemur það því ekki til efnisskoðunar í máli þessu.

Úrslit leiks Þórs/KA og ÍR í aukakeppni Íslandsmóts mfl. kvenna sem fram fór 9. september 2006 dæmast 3-0 Þór/KA í vil. Kærði greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

Hilmar Gunnlaugsson, dómari í Knattspyrnudómstól KSÍ, kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Úrslit leiks Þórs/KA og ÍR í aukakeppni Íslandsmóts mfl. kvenna sem fram fór 9. september 2006 dæmast 3-0 Þór/KA í vil. Kærði greiði kr. 5.000 í sekt til KSÍ.

Hilmar Gunnlaugsson

Áfrýjun ÍR Dómkröfur

Aðallega: Að kæru Knattspyrnudeildar Þórs verði vísað frá dómi

Til vara : Að Knattspyrnudeild ÍR verði sýknuð af öllum kröfum kæranda og leikurinn látinn standa.

Til þrautavara: Að leikur liðanna sem leikinn var þann 10.9.2006 verði endurtekinn.

Málavextir

Um málavexti vísast til greinargerðar áfrýjanda fyrir dómstóli KSÍ svo og til hins áfrýjaða dóms að því er á við um kröfur áfrýjanda. Að öðru leyti er gerð grein fyrir málavöxtum eftir því sem við á í umfjöllun um málsástæður.

Málsástæður

Krafa um frávísun

Aðalkrafa um frávísun er studd eftirgreindum rökum.

Í fyrsta lagi að kæran sé ekki tæk til efnismeðferðar þar sem Knattspyrnudeild KA sé ekki aðili að kærinni. Ljóst er að hinn umþrætti leikur var milli ÍR annars vegar og sameiginlegs liðs Þórs og KA hins vegar. Er bersýnilega um óhjákvæmilega samaðild að ræða og verða bæði Þór og KA að standa að kærinni. Með því að Knattspyrnudeild KA er ekki aðili málsins ber að vísa kærinni frá dómi. Í öðru lagi upplýstist undir rekstri þessa máls að Þór/KA tóku þátt í Íslandsmóti meistaraflokks kvenna án þess að uppfylla ákvæði gr.3.1.6 í rgj. um knattspyrnumót þar sem er kveðið á um að "...Félög sem ákveða að senda sameiginlegt lið til keppni skv. þessari grein, **skulu** gera um það skriflegt

samkomulagt og senda stjórn KSÍ til staðfestingar fyrir 19. janúar, til þess að það geti öðlast gildi á komandi keppnistímabili. Í slíku samkomulagi **skal** koma fram m.a. hver beri fjárhagslega ábyrgð á samstarfinu, framkvæmd samstarfsins og stöðu félaga við slit...”

Á dskj. nr 12 samstarfssamningur Þórs og KA. Hann var undirritaður 11.júní 2004 og gildi til **15.maí 2006**. Raunar uppfyllti hann ekki á gildistíma sínum skilyrði gr. 3.1.6. Þór/Ka hóf keppni í Íslandsmótinu þann **16.maí 2006**. Var þá enginn samstarfssamningur í gildi milli félaganna sem er fortakslaut skilyrði fyrir löglegri þátttöku sameiginlegs liðs í knattspyrnumóti á vegum KSÍ, sbr. gr. 3.1.6.- Sameiginleg lið Þórs og KA í meistaraflokki kvenna uppfyllti ekki framangreind skilyrði og var því ekki löglegur þátttakandi í Íslandsmótinu í sumar. Eiga Þór eða KA, hvort um sig eða sameiginlega, af þessum ástæðum ekki rétt til þess að kæra úrslit leiksins og krefjast sigurs til handa hinu sameiginlega ólöglega liði.

Krafa um sýknu:

Krafan um sýknu er reist á eftirgreindum sjónarmiðum:

Þann 9.9.2006 gaf KSÍ út keppnisleyfi til handa Berglinni Magnúsdóttur. Í leyfinu segir; “... í **samræmi við reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna staðfestist hér með keppnisleyfi fyrir ofangreindan leikmann með ÍR frá og með 9. september 2006...**”

Samkvæmt grein A t.l.1. í rgj. KSÍ um félagaskipti leikmanna eru þeir leikmenn hlutgengir sem gerst hafa félagar í því félagi sem þeir leika með eigi síðan en degi áður en kappleikur fer fram og, þegar því er að skipta, degi eftir að **KSÍ hefur gefið út keppnisleyfi fyrir leikmanninn.**

Framangreint keppnisleyfi veitti Berglinni rétt til að leika með liði ÍR þann 10.9.2006 og var hún lögleg sem markmaður með ÍR í leik liðanna þann 10.9.2006. Verður því að sýkna áfrýjanda af öllum kröfum Þórs.

Um rökstuðning fyrir sýknukröfunni vísar áfrýjandi til greinargerðar hans til dómstóls KSÍ svo og til eftirgreindra sjónarmiða um niðurstöðu hins áfrýjaða dóms:

1. Héraðsdómari staðhæfir að hvorki í umsókn kærða né samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar þann 8. september sé að finna neina umfjöllun um hvaða markvörð kærði hefði í hyggju að fá í félag sitt. Verði samþykki Samninga- og félagaskiptanefndar því ekki talið taka á því, hvort Berglinni Magnúsdóttur, eða öðrum markverði sem hafði áður viðhaft félagaskipti á almanaksárinu eftir að hafa leikið í Íslandsmóti, hafi verið heimilt að skipta í lið kærða á grundvelli undanþágunnar og að ákvörðun nefndarinnar hafi gefið kærða tilefni til að álykta, að Berglinni Magnúsdóttir mætti leika með félaginu

Þessum staðhæfingum héraðsdómara er mótmælt sem röngum og þýðingarlausum. Það liggur fyrir að er Samninga- og félagaskiptanefnd fjallaði um málið og áður en KSÍ gaf út keppnisleyfið var ljóst að Berglinni væri sá markmaður sem sóst var eftir til ÍR. Á fundi Samninga- og félagaskiptanefnd þann 8. 9.2006, degi áður en keppnisleyfi er gefið út, var eina málið á dagskrá að fjalla um “...**ósk ÍR um undanþágu á félagaskiptum fyrir markmann..**” sbr. bókun í fundargerð á dskj. 18. Þar kemur fram að “...**farið [er] yfir gögn málsins...**” Er niðurstaða nefndarinnar að veita ÍR undanþágu með að skipta markverði í félagið. Sú sem ritar fundargerðina er Klara Bjartmarz, sú sama og ritar undir keppnisleyfið daginn eftir.

Þegar nefndin fjallaði um beiðni ÍR lá fyrir að Berglinni yrði í marki ÍR ef keppnisleyfi fengist. Þjálfari ÍR var í stöðugu sambandi við Klöru Bjartmarz út af málinu og upplýsti hana um að samningar hefðu tekist við Berglinni og KR á föstudeginum 8.9. og voru undirskriftir þar að lútandi sendar á faksi til KSÍ síðla föstudagskvöldis. Því er það röng staðhæfing hjá héraðsdómara að nefndin hafi ekki haft vitneskju um að til stæði að láta Berglinni leika þegar undanþágan var veitt. Hafi raunin, hins vegar, verið sú að Samninga- og félagaskiptanefndin hafi ekki talið þörf að fá upplýsingar um hvaða markvörð undanþágan varðaði styður það skilning ÍR um að undanþáguheimildin hafi bæði náð til tímabils og liðafjölda og því hafi einu gilt fyrir nefndina hvort markmaðurinn hefði leikið áður með einu liði eða tveimur.

Sú túlkun héraðsdómara á ákvörðun félagaskiptanefndar að í henni hafi ekki falist heimild til handa Berglinni til að leika með liði ÍR er í senn röng og þýðingarlaus. Það sem skiptir hér máli er útgáfa keppnisleyfisins. Það er KSÍ sem hefur hið formlega vald til að veita keppnisleyfi enda er það KSÍ sem gefur út og afturkallar keppnisleyfi en ekki félagaskiptanefndin þó nefndin taki ákvörðun um hvort undanþága skuli veitt. Það er því ákvörðun KSÍ sem gildir sbr. gr. A. 1 í rgj. KSÍ um félagaskipti þar sem kemur skýrt fram að leikmaður er

...hlutgengur með nýja félaginu degi eftir að fullfrágengin tilkynning um félagaskiptin hefur verið móttækin af skrifstofu KSÍ, sbr. A5 og greinar B1 og B2 hér að neðan, **og gefið hefur verið út keppnisleyfi fyrir hann...**

Samkvæmt greininni er hlutgengið ekki miðað við ákvörðun félagaskiptanefndar eins og héraðsdómari ályktar ranglega heldur útgáfu KSÍ á keppnisleyfi. Það hefur því takmarkaða þýðingu að velja fyrir sér hvort og að hve miklu leyti nefndin hafði Berglindi í huga. Það er a.m.k. ljóst að KSÍ hefur ekki sama skilning og héraðsdómari á því hvað hafi falist í undanþágunni því á grundvelli hennar gaf Klara Bjartmarz f.h. KSÍ út keppnisleyfið sem ber vott um að hún hafi verið að framkvæma vilja nefndarinnar til að veita undanþáguna fyrir Berglindi.

2. Héraðsdómari fellst á það með kæranda, að jafnvel þó leikmaður hafi keppnisleyfi, þá þurfi eftir sem áður að kanna hvort leikmaður hafi heimild til að leika tiltekinn leik. Þannig þurfi leikmenn að taka út leikbönn sín með nýju liði, óháð keppnisleyfi og þetta leiði til þess að keppnisleyfi Berglindar hafi í raun ekki veitt henni leyfi til að keppa með ÍR af því að hún hafi áður verið í tveimur liðum. Þessum röksemdum er mótmælt sem röngum. Í keppnisleyfi felst réttur til þess að leika með hlutaðeigandi liði. Leikbann er, hins vegar, sérstök ákvörðun sem ógildir keppnisleyfi af tilteknum ástæðum með tímabundnum hætti. Keppnisleyfið er þá fellt tímabundið úr gildi og viðkomandi því óheimilt að leika. Berglind Magnúsdóttir var ekki í leikbanni þegar leikið var og keppnisleyfið því án slíkra takmarkana. Almenn keppnisleyfi er að öðru leyti aðeins bundið þeim takmörkunum að gætt sé almennra skilyrða 2.1. gr. í rgj. um knattspyrnumót s.s. aldurs og kynsskilyrða. Í téðri grein eru upptaldir þær takmarkanir sem eru á hlutgengi leikmanns. Ekki er ágreiningur um að BM uppfyllti þessi skilyrði.

Það liggur í eðli málsins að könnun á almennum skilyrðum fyrir hlutgengi leikmanns skal fara fram áður en keppnisleyfi er veitt ella væri útgáfa keppnisleyfis markleysa, eins og tilfelli Berglindar ef keppnisleyfið væri gefið út með þeim fyrirvörum að hún hefði áður ekki leikið með tveimur liðum. Slíkt keppnisleyfi hefði ekkert gildi. Útgáfa keppnisleyfis undir slíkum óskráðum forsendum er til þess fallið að blekkja leyfishafann sem er auðvitað fráleitt. Að minnsta kosti yrði að gera þá kröfu að slíkar forsendur væru skráðar á keppnisleyfið væru þær fyrir hendi yfirleitt.

3. Héraðsdómari staðhæfir að leggja verði til grundvallar, að sú spurning hvort leikmaður sé löglegur með nýju félagi, á sama keppnistímabili og hann hefur leikið fyrir tvö önnur félög, eigi undir dómstól KSÍ, en falli ekki undir mat Samninga- og félagaskiptanefndar á því, hvort skilyrðum um ríkar ástæður í 3. ml. greinar A.4. í reglugerð um félagaskipti leikmanna.

Þessi ályktun héraðsdóms er röng. Eðli málsins samkvæmt á mat um það hvort leikmanni skuli veitt undanþága aðeins undir félagaskiptanefnd. Grein 4. í rgj. um félagaskipti heimilar félagaskiptanefndinni að veita undanþágu fyrir félagaskipti leikmanna ef "ríkar ástæður" eru fyrir hendi að mati nefndarinnar. Undanþágan nær til bæði fjölda liða og tímabila. Hún gerir ráð fyrir frjálsum mati nefndarinnar um það hvort nægilega "ríkar ástæður" séu fyrir hendi að veita undanþágu. Þær ákvarðanir heyra ekki undir dómstól KSÍ frekar en ákvarðanir í stjórnslunni sem byggjast á frjálsum mati stjórnvalds eiga undir almenna dómstóla. Dómstólar eiga aðeins mat hvort réttara aðferða hafi verið gætt við ákvarðanatökuna og hvort ákvörðun samrýmist valdheimildum stjórnvalds. Hið frjálsa mat verður ætíð hjá stjórnvaldinu sjálfu.

Það er ljóst af 4 gr. að félagaskiptanefnd hefur vald til þess að samþykka undanþágu frá hinum almennu skilyrðum um félagaskipti sem greind eru í ákvæðinu þegar um markmann er að ræða. Tilvísun til lögskýringargagna um að undanþágan sé e.t.v. þrengri en leiðir af orðalagi ákvæðisins hefur hér ekki gildi, sbr. almenn lögskýringarsjónarmið. Ótvírætt er að KSÍ veitti Berglindi keppnisleyfi með ÍR að fengnu samþykki félagaskiptanefndarinnar. Það er því rangt hjá héraðsdómara að afturköllun á keppnisleyfinu sé til vitnis um skýran skilning KSÍ á því að undanþágan hafi ekki náð til Berglindar. Ber að geta þess að afturköllun keppnisleyfisins er gerð af framkvæmdastjóra KSÍ, að hans frumkvæði að því er best verður séð, og án þess að séð verði að félagaskiptanefndin hafi komið þar nærri. Afturköllunina verður því að skoða í þessu ljósi.

4. Héraðsdómara byggir niðurstöðuna á þeim rökum að þátttaka Berglindar í leiknum, þó hún væri á grundvelli löglega útgefins keppnisleyfis, hafi leitt til þess að lið ÍR hafi verið ólöglega skipað í leiknum. Þessum rökum er mótmælt sem röngum og tilhæfalausum. Þátttaka Berglindar í leiknum var fullkomlega lögleg enda keppnisleyfið í fullu gildi og hlutgengisreglur uppfylltar. Það er því fráleitt að líta framhjá keppnisleyfinu, einsog það hafi aldrei verið gefið út, líkt og héraðsdómari gerir.

Þessari aðstöðu má líkja saman við þá aðstöðu þegar dómarréttindi eru veitt af mistökum, t.d. unglingsdómara veitt réttindi landsdómara án þess að hafa uppfyllt skilyrðin í rgj. um

knattspyrnudómara. Úrslit leiks sem slíkur dómari dæmir standa óbreytt þó í ljós komi eftir leik að veiting dómarréttinda hafi verið mistök og þau afturkölluð. Að auki má bera þessa aðstöðu saman við útgáfu ökuleyfis. Útgáfa ökuleyfis veitir rétt til þess að stjórna ökutæki. Komi í ljós að útgáfa ökuleyfisins sé haldin annmörkum sem leiðir til þess að það er afturkallað er ljóst að ökuleyfishafanum verður ekki refsað fyrir réttindalausán akstur á meðan leyfið var í gildi, rétt eins og að hann hefði aldrei haft ökuleyfi. Þvert á móti er augljóst að hann var í fullum rétti til aksturins á gildistíma leyfisins. Hið sama á auðvitað við hér. Hafi mistök leitt til útgáfu keppnisleyfisins, sem áfrýjandi mótmælir að hafi verið raunin sbr. hér að neðan, þá breytir það ekki því að Berglind hafði fulla leikheimild með lið ÍR frá þeim tíma er það var gefið út og þar til að það var afturkallað. Því er allsendis fráleitt að halda því fram að Berglind hafi verið ólögleg með liði ÍR og það hafi því mætt ólöglega til leiks.

brautavarakrafa:

Verði ekki fallist á sýknu er þess krafist að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið að leikurinn verði endurtekinn. Það er ljóst, eins og áður er sagt, að lið ÍR var fullkomlega löglega skipað í leiknum þann 10.9.s.l. Ef svo ólíklega vill til að áfrýjunardómstóllinn telji að afturköllun keppnisleyfisins skuli hafa afturvirk áhrif er sanngjarnast að leikurinn verði leikinn aftur án þátttöku Berglindar en Þór/Ka ekki dæmdur sigur í leiknum. Það liggur öldungis fyrir að ÍR leyndi KSÍ engu um hagi Berglindar enda slíkt ekki hægt í ljósi þess að allar upplýsingar um knattspyrnuþátttöku hennar eru hjá KSÍ. ÍR var því í góðri trú um að keppnisleyfi til handa Berglindi þýddi það sem það kveður á um, að hún mætti leika með liðinu á grundvelli þess. Því er það afar ósanngjörn niðurstaða dæma leikinn tapaðan fyrir ÍR.

Þá er ástæða til að taka fram að sigur til Þórs/Ka yrði einnig sérstaklega ósanngjörn niðurstaða þar sem að fyrir liggur að Þór/KA höfðu ekki með sér gildandi samstarfssamning og afhentu KSÍ ekki slíkan samning eins og skylt er skv. gr. 3.1.6. í mótareglum KSÍ. Sé rökum héraðsdóms beitt um það að á KSÍ hvíli ekki rannsóknarskylda heldur beri liðin sjálf ábyrgð á því að öll samskipti við KSÍ séu samkvæmt lögum og reglum KSÍ og útgefin leyfi KSÍ séu markleysa nema allar reglur séu uppfylltar, er ljóst að þátttaka sameiginlegs liðs Þórs/ka var markleysa, haldin afturvirkum upphaflegum ógildingarannmörkum og næsta undarlegt að dæma liði sigur sem uppfyllti ekki þátttökuskilyrði KSÍ. Mælir þetta með því, verði keppnisleyfi talið ógilt, að leikurinn verði endurtekinn.

Að öðru leyti eru kröfur ítrekaðar og málið lagt í dóm.

f.h. áfrýjanda
Hróbjartur Jónatansson

Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, mánudaginn 23. október kl. 17:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Guðmundi Péturssyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir er tekið
mál nr. 7/2006:

Knattspyrnudeild ÍR
gegn
Knattspyrnudeild Þórs.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

dómur.

I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Guðmundur Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Hilmar Gunnlaugsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 3. október 2006.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu þann 9. október 2006 og gerir þær kröfur:

Aðallega að kærur Knattspyrnudeildar Þórs verði vísað frá dómi.

Til vara að áfrýjandi verði sýknaður af öllum kröfum stefnda og úrslit leiksins látin standa. Til þrautavara að leikur liðanna sem leikinn var þann 10. september 2006. verði leikinn að nýju.

Stefndi gerir þessar kröfur:

Aðallega að aðalkröfu áfrýjanda um frávísun verði hafnað.

Að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

Að þrautavarakröfu áfrýjanda um að leikur liðanna sem leikinn var 10. september 2006 verði endurtekinn verði vísað frá dómi.

II.

Samkvæmt gögnum málsins liggur fyrir að íþróttafélögin Þór og KA á Akureyri hafa átt samstarf frá árinu 2003 um rekstur og uppbyggingu knattspyrnu á vegum félaganna á Akureyri. Í 1. gr. samnings félaganna frá 11. júní 2004 sagði að Knattspyrnudeild Þórs tæki að sér að reka og annast að öllu leyti 2.- og meistaraflokk kvenna í knattspyrnu, sem keppa ættu undir nafninu Þór-KA. Í 2. gr. samningsins var kveðið á um að allur kostnaður af rekstri framangreindra flokka væri á ábyrgð Þórs. Í 3. gr. samningsins var svo kveðið á um að gildistími hans væri frá 15. maí 2003 til 15. maí 2006. Þegar hinum tímabundna samningi félaganna lauk var ekki gengið frá nýjum skriflegum samning milli Þórs og KA. Þá leituðu félögin heldur ekki eftir staðfestingu stjórnar Knattspyrnusambands Íslands á samstarfinu, eins og þeim bar þó að gera fyrir 19. janúar 2006 sbr. að þessu leyti. 6. tl. gr. 3.1 í mótareglum reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Hins vegar liggur fyrir að samstarfinu var haldið áfram keppnistímabilið 2006 og tók skrifstofa Knattspyrnusambandi Íslands við greiðslu þáttökugjalda úr hend Þórs fyrir kvennalið Þórs-KA í meistaraflokki án þess að grennslast fyrir um hvort fyrir lægi skriflegt samkomulag félaganna um samstarf.

Þór Akureyri á aðild að Knattspyrnusambandi Íslands og samkvæmt samningi við KA tók Þór að sér reka 2. flokk og meistaraflokk kvenna frá 15. maí 2003 til 15. maí 2006. Þann 19. janúar 2006 tilkynnti Þór Knattspyrnusambandi Íslands að Þór og KA myndu senda sameiginlegt lið til keppni í meistaraflokki kvenna árið 2006. Greiddi félagið jafnframt tilskilin þáttökugjöld. Engar athugasemdir voru gerðar við þetta hvorki af hálfu stjórnar Knattspyrnusambands Íslands né öðrum félögum sem léku gegn kvennaliðum Þórs-KA á liðnu keppnistímabili.

Með vísan til þess sem að frama er rakið verður litið svo á að Knattspyrnudeild Þórs Akureyri hafi ein farið með öll réttindi og skyldur sem knattspyrnulög og knattspyrnureglugerði kveða á um að því er varðar þátttöku kvennaliða Þórs-KA í meistaraflokki og 2. flokki kvenna í Íslandsmóti og Visabikarkeppni KSÍ árið 2006. Verður frávísunarkrafa áfrýjanda því ekki tekin til greina.

III.

Í máli þessu er deilt um hlutgengi Berglindar Magnúsdóttur knattspyrnumanns, sem lék í marki í liði ÍR í leik liðsins gegn liði Þórs-KA í aukakeppni Íslandsmóts meistaraflokks kvenna sem fram fór á Akureyrarvelli kl. 14:00, 10. september sl. Leiknum lyktaði með jafntefli 2-2.

Berglind hafði leikið sem markvörður með tveimur öðrum liðum hér á landi í Íslandsmóti almanaksárið 2006 áður en til leiks þessa kom, annars vegar með liði Fjölnis gegn GRV þann 13. júní og hins vegar með liði KR gegn liði Þórs-KA þann 30. ágúst, án þess þó að vera samningsbundinn leikmaður þessara liða. Hafði hún því nýtt rétt sinn til einna félagaskipta innanlands á almanaksárinu sbr. 1. ml. greinar A4, í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna. Frá ákvæði þessu er ekki að finna undanþágu heimild í félagaskiptareglugerðinni.

Þátttaka Berglindar í leik ÍR gegn liði Þórs-KA byggðist á keppnisleyfi útgefnu af skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands þann 9. september. Keppnisleyfið gaf skrifstofan út eftir að Samninga- og félagaskiptanefnd Knattspyrnusambands Íslands hafði á fundi sínum þann 8. september 2006 afgreitt beiðni ÍR frá 6. september um undanþágu frá félagaskiptabanni 2. ml. greinar A4 fyrir markvörð á grundvelli 3. ml. greinar A4. Hafði ÍR óskað eftir undanþágu þessari, þar sem kvennalið félagsins í meistaraflokki var án markvarðar vegna meiðsla Önnu Rúnar Sveinsdóttur og varamarkverði í meistaraflokki ekki til að dreifa hjá félaginu.

Samninga- og félagaskiptanefnd samþykkti undanþágubeiðni ÍR án þess að tilgreina markvörð þann sem undanþágan tæki til. Framlögð fundargerð Samninga- og félagaskiptanefndar ber það ekki heldur með sér að nefndin hafi sérstaklega grennslast fyrir um það til hvaða markvarða ÍR ætlaði sér að leita, ef undanþága fengist. Eru þetta sérlega ámælisverð vinnubrögð af hálfu nefndarinnar þegar hafðar eru í huga þær ströngu reglur sem nefndin ber að framfylgja varðandi félagaskipti knattspyrnumanna. Hið sama gildir um vinnubrögð skrifstofa Knattspyrnusambandi Íslands í máli þessu. Þar var ekki haft

fyrir því athuga hvort Berglind Magnúsdóttir fullnægði skilyrðum reglugerðar um félagaskipti leikmanna áður en gefið var út keppnisleyfi henni til handar þann 9. september 2006 að beiðni ÍR og með samþykki KR. Verður þó að ætla að skrifstofa Knattspyrnusambands Íslands hafi haft upplýsingar um fyrri félagaskipti leikmannsins á almanaks árinu.

Knattspyrnustjórnvöld brugðust því lögboðnu hlutverki sínum þegar þau veittu ÍR umbeðna undanþágu og síðar keppnisleyfi fyrir Berglinni Magnúsdóttur. ÍR hlaut hins vegar að mega treysta því að útgengið keppnisleyfi Berglindar Magnúsdóttur væri í samræmi við lög og reglur Knattspyrnusambands Íslands. Verður því, eins og málum er hér háttað, litið svo á að Berglind Magnúsdóttir hafi haft gilt keppnisleyfi þegar leikur ÍR og Þórs-KA fór fram þann 10. september 2006 og hún því hlutgeng með liði ÍR í leik liðanna sbr. grein A1 í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna. Með vísan til þess sem að framan greinir er hinum áfrýjaða dómi hrundið. Úrslit í leiks Þórs-KA gegn ÍR í aukakeppni Íslandsmóts meistaraflokks kvenna í knattspyrnu sem fram fór á Akureyrarvelli þann 10. september 2006 skulu standa óhöggð 2-2.

Dómsorð

Hinum áfrýjaði dómi hrundið. Úrslit í leik Þórs-KA ÍR í aukakeppni Íslandsmóts meistaraflokks kvenna í knattspyrnu sem fram fór á Akureyrarvelli þann 10. september 2006 skulu standa óhöggð 2-2.

Sigurður G. Guðjónsson
Guðmundur Pétursson

Sératkvæði Vilhjálms H. Vilhjálmssonar.

Undirritaður er sammála umfjöllun og rökstuðningi meirihluta dómenda aftur að málsgrein undir tölulið III. neðst á blaðsíðu 2, sem hefst svo; ÍR hlaut hins vegar.....

Þrátt fyrir þau mistök skrifstofu KSÍ að gefa út fyrrnefnt keppnisleyfi, getur ekki falist í því undanþága frá fortakslausu ákvæði greinar 3.2.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, en samkvæmt þeirri grein er kappleikur því aðeins gildur að hann fari fram samkvæmt reglum KSÍ og ÍSÍ.

Upplýst er að leikmaðurinn Berglind Magnúsdóttir hafði leikið með bæði Fjölni og KR almanaksárið 2006, áður en hún lék hinn umdeilda leik með liði áfrýjanda og óumdeilt að með því er brotið gegn grein A4 í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna.

Lið áfrýjanda var því ólöglega skipað í leiknum sem fram fór hinn 10. september 2006.

Með þessum rökstuðningi og vísan til forsenda hins áfrýjaða dóms telur undirritaður rétt að hann sé óraskaður.

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

Árýjað til ÍSÍ